# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 58

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Anf. 12/11 '10
By. 20

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. okt. 1910.

489

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær, samkvæmt tillögum byggingarnefndarinnar samþykkt, að vísa erindi yðar, herra sútari, dags. 15. þ. m., um að fá að hafa íbúð á loptinu í sútunarhúsi því, sem þjer eruð að byggja, til heilbrigðisnefndarinnar þar sem það heyrir undir hana, að ákveða, hvort íbúð megi vera í sama húsi og sútunarverkstæði. – Hef jeg afgreitt erindi þetta til heilbrigðisnefndarinnar, og vænti jeg, að hún tilkynni yður málalokin. – Ef yður verður veitt leyfið, ber yður að senda byggingarnefndinni teikningu af hinni fyrirhuguðu íbúð og nýja beiðni um, að mega breyta efri hæð hússins í íbúð.

Páll Einarsson

Herra
sútari Bergur Einarsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að óska þess að hinni heiðraða byggingarnefnd Reykjavíkur gefi mér til leyfis að byggja í Félagsgarðstúni við bröðnia fyrir sunnan Laufástún 37½ al. frá Laufásvegi hús þau, sem sýnd eru á meðfylgjandi uppdráttum.

Reykjavík 12. nóv. 1910

Virðingarfyllst

Eggert Briem

frá Viðey.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Ruh.

889/1910 By20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bergur Einarson
sútari

Reykjavík ............ 19
Ísland

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst, að sækja um til hinnar heiðruðu byggingarnefndar, að mega breyta efrihæð húss þess, sem jeg er að byggja, í íbúð. Teikningar af íbúðinni leyfi jeg mjer að láta fylgja þessari umsókn minni ásamt teikningu af lóðinni með áteiknuðum grunnfleti hússins og pakkhússins, er jeg hefi áður sótt um, til hinnar háttv. byggingarnefndar, að mega byggja á lóðinni bak við húsið. Jeg leyfi mjer að ánýja þá ósk mína til byggingarnefndarinnar að meg reisa þetta pakkhús; svo og að mega nota rýrari við, en byggingarsamþykktin ákveður um íbúðarhús.

Jeg óska að geta fengið endilegt svar svo fljótt sem auðið er.

Jeg óska að mega setja dyrnar á pakkhúsinu á suður hliðina

Virðingarfyllst

B. Rak. 888/1910
By 20

Reykjavík 12. nóv. 1910
Bergur Einarsson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir beidni hr. sútara Bergs Ein-
arssonar, votta jeg hjermed, ad efni
þau, sem notud eru vid álúns- og
bark-sútun skinna, eru svo óskad-
væn, ad jeg tel enga hættu ad hafa
íbúd í sama húsi og slík sútun
fer fram í.

Reykjavík 16. nóv 1910

Ásgeir Torfason
Efnafrædingur

B. Rok. 888/1910 By 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 12. nóv. 1910 –

---

Ár 1910, 12. nóv. átti byggingarnefndin fund með sjer og gjörðist þar það, er hjer segir:

1. Lögð fram beiðni frá búfræðing Eggert Briem frá Viðey um leyfi til að byggja fjós og heyhlöðu með nokkurri íbúð á lóð, er hann ætlar að kaupa í Fjelagstúni, 37½ al. suður frá Laufásvegi við traðirnar vestan með Fjelagstúni. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti samþykkja að hann byggi fjós og hlöðu með þró og haughúsi, allt húsið 38° × 24° + 18° × 21° en íbúðin verður eigi leyfð. –
2. Var tekin fyrir beiðni Bergs Einarssonar, sútara um leyfi til að nota til íbúðar efri hæð húss þess, er honum hefur verið leyft að byggja (sbr. fundi 10. sept. og 15. okt. síðastl.), og hafði heilbrigðisnefnd tjáð sig samþykka leyfinu, ef fráræsla væri komin í fullt lag áður sútun byrjar og aðeins væri fengist við álúnsútun í húsinu, skyldi íbúðarleyfið falla burtu. Með því að eigi er fyrirsjáanlegt að hin heimtaða fráræsla komist í kring fyrst um sinn og hitt skilyrðið virðist eigi fallið til að byggja á því byggingar-leyfi eða íbúðarleyfið í hinu nýja húsi, vildi byggingarnefndin eigi veita hið umbeðna leyfi. –
3. Byggingarfulltrúanum falið að athuga breytingar þær, er gjörðar hafa verið án vitundar og samþykkis byggingarnefndar, á skúr Hjálpræðishersins við Suðurgötu og gjöra tillögur til nefndarinnar því máli viðvíkjandi. –

Allir á fundi nema Rögnv. Ólafsson og Kn. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur